

Ár 2006, þriðjudaginn 29. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp í málinu nr. S-322/2006:

Ákærvaldið

*(Gunnar Örn Jónsson)*

gegn

Guðna Þorbergi Svavarssyni

*(Sigurður Sigurjónsson, hrl.)*

svofelldur

#### **d ó m u r :**

Mál þetta, sem þingfest var 20. júní sl. og dómtekið 19. júlí sl., er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Selfossi, dagsettri 30. maí sl., á hendur Guðna Þorberg Svavarssyni, kt. 000000-0000, Grenigrund 13, Selfossi, „fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa, að morgni föstudagsins 19. maí 2006 ekið bifreiðinni PG 404, án þess að hafa ökuskírteini meðferðis og með 165 km hraða á klukkustund vestur Suðurlandsveg á Hellisheiði, sveitarfélaginu Ölfusi. Leyfður hámarkshraði á vegarkaflanum var 90 km á klukkustund. Hraði bifreiðarinnar var mældur með ratsjá nr. GE-016 sem staðsett var í lögreglubifreiðinni nr. 33-258.”

Ákærvaldið segir þessa háttsemi ákærða varða við 1. mgr. 48. gr. og 2. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50/1987, og krefst þess að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. og 102. gr. sömu laga.

Verjandi ákærða krefst sýknu og greiðslu málsvarnarlauna úr ríkissjóði.

#### **Málsatvik.**

Að morgni föstudagsins 19. maí sl. voru lögreglumennirnir Jón Lárusson og Friðrik Hreinn Hreinsson við umferðareftirlit á Hellisheiði á lögreglubifreið nr. 33-258 og óku Suðurlandsveg til austurs. Þeir veittu athygli bifreiðinni PG 404 sem var ekið vestur Suðurlandsveg. Kveikt var á hraðamælingartæki lögreglubifreiðarinnar og mældi tækið ökuhraða bifreiðarinnar 171 km miðað við klukkustund. Akstur bifreiðarinnar var þá stöðvaður og rætt við ökuþing hennar, Guðna Þorberg Svavarsson, ákærða í þessu máli. Aðspurður rengdi ákærði mældan hraða og bar að hann hafi fylgst reglulega með ökuhraðanum sem hafi verið á milli 110 og 115 km/klst. Lögreglumennirnir tjáðu ákærða að þeir hefðu ekið á eftir

sendibifreið og hafi verið gott bil á milli hennar og lögreglubifreiðarinnar og hafi það haldist mjög stöðugt. Hafi nokkrum fjölda bifreiða verið ekið á móti lögreglubifreiðinni og hafi hraði þeirra verið í kringum 90 km/klst. Í vettvangsskýrslu er bókað að sólskin hafi verið, yfirborð vegar malbikað og þurr og þá hafi lítil umferð verið. Þá kemur fram í gögnum málsins að bifreið ákærða var fólksbifreið af gerðinni Volvo árgerð 1997. Þá kemur fram að ratsjá hafi verið prófuð fyrir mælingu kl. 08:55 og eftir mælingu kl. 09:21, en mæling er sögð hafa verið gerð kl. 08:59. Að teknu tilliti til vikmarka er hraði ákærða talinn hafa verið 165 km/klst.

### *Framburður ákærða og vitna fyrir dómi.*

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi að hann hafi verið á leiðinni til Reykjavíkur og hafi hann því ekið Hellisheiði til vesturs. Hann kvaðst hafa verið orðinn seinn fyrir er lögregla stöðvaði akstur hans og tjáði honum að hann hefði mælt á 171 km hraða. Ákærði kvaðst hafa tjáð þeim að þetta gæti ekki staðist, hann hefði ekið á 100-115 km hraða, plús eða mínus 5. Ákærði staðfesti að honum hefði verið sýnd talan 171 á ratsjanni. Ákærði kvað lögregluna hafa verið rétt fyrir aftan stóra sendibifreið en hann mundi ekki eftir að einhver bílaumferð hefði verið á undan honum. Ákærði kvaðst alltaf fylgjast reglulega með hraðamæli bifreiðar sinnar. Ákærði viðurkenndi að hann hefði ekki haft ökuskírteini sitt meðferðis.

Vitnið Jón Lárusson, lögreglumaður, skýrði svo frá fyrir dómi að þeir hafi ekið lögreglubifreiðinni á eftir millistærðar sendibifreið og hafi þeir haldið góðu og stöðugu bili á milli. Þeir hafi mætt nokkrum fjölda bifreiða og mælt hraða þeirra. Skyggni hafi verið gott en umferð hafi verið þannig að bifreiðar hafi komið í kippum. Hann kvaðst hafa ekið lögreglubifreiðinni en félagi sinn hafi stjórnað ratsjanni. Hann staðfesti að ákærði hefði mælt á umræddum hraða og hefði hann verið á miklu meiri hraða en aðrar bifreiðar sem mældar hefðu verið. Hann kvað 3-4 billengdir hafa verið á milli lögreglubifreiðarinnar og sendibifreiðarinnar og hefði hún því byrgt þeim sýn að nokkru. Hann taldi bifreið ákærða hafa verið rétt komna fram hjá henni þegar hraðinn var mældur. Hann kvað hafa verið greinilegt að ákærði hefði ekið á þó nokkuð meiri hraða en aðrar bifreiðar, en hann taldi enga þeirra hafa ekið yfir 100 km hraða miðað við klst. Hann staðfesti að talan hefði verið fest á ratsjanni og sýnd ákærða, en hann hefði mótmælt því að hafa verið á svo miklum hraða. Hann kvaðst hafa mikla reynslu af ratsjarmælingum og hefði ratsjain verið prófuð í samræmi við fyrirmæli þar að lútandi.

Vitnið Friðrik Hreinn Hreinsson, lögreglumaður, skýrði svo frá fyrir dómi að þeir hefðu ekið lögreglubifreiðinni á eftir vöruflutningabifreið, sem hafi verið í 50-100 metra fjarlægð og hefðu þeir mælt hraða bifreiða sem komu á móti. Hefði hraði þeirra flestra verið 90-100 km/klst. en ákærði hefði mælt á 171 km hraða. Hann kvað greinilegt að ákærði hefði verið á ofsahraða. Hann kvaðst hafa hafið störf sem lögreglumaður 17. maí s.l. og hefði honum strax verið falið að annast hraðamælingar. Hann kvaðst hins vegar ekki hafa fengið að stjórna ratsjá fyrr en hann hafði lokið námskeiði, sennilega í júní mánuði. Hann kvaðst því ekki hafa verið búinn að ljúka námskeiði umrætt sinn. Hann kvað Jón hafa ekið

lögreglubifreiðinni en sjálfur hefði hann haldið á fjarstýringu sem stjórnar tækinu og þá kvaðst hann hafa læst tölunni á ratsjónni. Hann kvaðst hafa séð til ferða bifreiðar ákærða skömmu áður en hann ók fram hjá sendibifreiðinni og fannst honum hann þá vera á mjög miklum hraða. Þá staðfesti hann að hraði bifreiðar ákærða hefði ekki verið mældur fyrr en hún kom í augnsýn er hún ók fram hjá sendibifreiðinni.

## Niðurstaða.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins harðlega mótmælt því að hafa ekið á þeim hraða sem honum er gefinn að sök en hefur viðurkennt að hafa ekið bifreið sinni á 110-115 km hraða miðað við klst. án þess að hafa ökuskríteini meðferðis, en á umræddum vegarkafla er hámarkshraði 90 km/klst. Er því sannað að ákærði hefur með þessari háttsemi sinni brotið gegn þeim ákvæðum umferðarlaga er í ákæru greinir. Kemur þá til skoðunar hvort sannað sé að ákærði hafi ekið á þeim hraða sem honum er gefinn að sök, en það skiptir sköpum þegar ákveða skal refsingu ákærða og hvort hann hafi unnið til ökuréttarsviptingar. Eins og fram kemur í lögregluskýrslu og lögreglumenn þeir sem stóðu að mælingunni hafa staðfest fyrir dómi, var lögreglubifreiðinni ekið á eftir sendibifreið og var hraði bifreiðar ákærða mældur í þann mund er hún ók fram hjá sendibifreiðinni. Lögreglumönnum ber ekki saman um fjarlægðina á milli lögreglubifreiðarinnar og sendibifreiðarinnar, Jón telur 3-4 bíllengdir hafa verið á milli en Friðrik Hreinn telur fjarlægðina hafa verið 50-100 metra, en þarna ber þeim verulega á milli. Þá er upplýst að Friðrik Hreinn hafði einungis starfað í tvo daga sem lögreglumaður þegar honum var falið að stjórna ratsjónni, en hann hafði þá ekki farið á námskeið í notkun hraðamælingartækja. Þegar þetta er virt og þær aðstæður sem voru við umrædda hraðamælingu verður að telja að mælingin sé ekki byggð á það traustum grunni að unnt sé að byggja á henni í máli þessu. Er því ósannað að ákærði hafi ekið á þeim hraða sem honum er gefinn að sök.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki áður sætt refsingu svo kunnugt sé. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 20.000 króna sekt til ríkissjóðs sem greiðist innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærði fangelsi í 2 daga. Ákærði er sýknaður af kröfu ákæruvaldsins um sviptingu ökuréttar. Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða fjórðung alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Sigurjónssonar, hrl., 112.050 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, en  $\frac{3}{4}$  greiðist úr ríkissjóði.

Hjörtur O. Aðalsteinsson, dómstjóri, kveður upp dóm þennan.  
Dómsuppkvaðning hefur dregist vegna gífurlegra embættisanna dómarans.

**D ó m s o r ð :**

Ákærði, Guðni Þorberg Svavarsson, greiði 20.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins en sæti ella fangelsi í 2 daga.

Ákærði er sýknaður af kröfu ákærvaldsins um sviptingu ökuréttar.

Ákærði greiði fjórðung alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Sigurjónssonar, hrl., 112.050 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, en  $\frac{3}{4}$  greiðist úr ríkissjóði.

Hjörtur O. Aðalsteinsson.